



**ÁRTÚNSSKÓLI**  
ÁRANGUR - VIRÐING - VELLÍÐAN

## Greinargerð með umsókn um Grænfána 2021

### 1. Umhverfisnefndin

Umhverfisnefnd Ártúnsskóla er skipuð fulltrúum allra árganga nemenda frá og með 5 ára, og úr hópi starfsmanna, stjórnenda og foreldra. Kosið er lýðræðislega í hverri bekkjardeild. Fundir eru að jafnaði haldnir í hverjum mánuði. Öðru hverju eru vinnufundir vegna ákveðinna verkefna og mæta þá ekki allir nefndarmenn. Sem dæmi um vinnufundi má nefna yfirferð matslista og undirbúning kynninga.

### 2. Mat á stöðu umhverfismála

Staða umhverfismála var metin í upphafi tímabils af þáverandi umhverfisnefnd og gátlistar hafðir til hliðsjónar. Í febrúar 2021 voru gátlistar yfirfarnir af elstu nemendum í umhverfisnefnd, staðan metin og sóknarfæri rædd.

Í apríl 2021 unnu litlir hópar, leiddir af nemendum í umhverfisnefnd, að því að meta starfið og hvort markmiðum væri náð. Matið var sett upp sem veggmynd á sal skólans.






### 3. Áætlun um aðgerðir og markmið

Í upphafi tímabilsins voru valin eftirtalin þemu: lýðheilsa, lífbreytileiki, vatn og orka, öll vinna með þau tengist einkunnarorðum skólans sem eru árangur, virðing og vellíðan.

Aðgerðaáætlun fyrri hluta tímabilsins byggðist á umhverfissáttmála skólans, hver bekkur vann verkefni tengd einni grein sáttmálans og kynnti vinnuna fyrir öðrum árgöngum. Á síðari hluta tímabilsins voru sett viðbótarmarkmið sem byggðu einkum á þemunum lýðheilsa og lífbreytileiki. Markmiðin voru ýmist sett af umhverfisnefnd einni, af stjórnendum með hliðsjón af hugmyndum nefndarinnar, eða af leiðtogahópi Heimsræktunar en þar á umhverfisnefndin þrjá fulltrúa.

Yfirmarkmið:				
Að efla umhverfisvitund skólasamfélagsins, þ.e. nemenda, starfsfólks og forráðamanna, sem leiðir af sér ábyrga afstöðu í umhverfismálum út frá þekkingu og reynslu.				
Markmið	Verkefni	Umsjón	Lýsing/mat	Tími
<p>Að gera skólasamfélagið meðvitað um gildi þess að nýta og endurnýta.</p> 	<p>Efnisveita, skiptibókahilla, skiptimarkaður með skólapeysur</p> 	<p>Umsjónarmaður útikennslu og Grænfána /SG/ leikskólakennarar</p> 	<p>Efnisveita var sett upp í smíðastofu skólans, þangað geta kennarar sótt efnivið í verkefni og föndur, en einnig skilað afgangum og þannig lagt til efni fyrir aðra. Leikskólabornin vinna líka mikið með verðlaust efni í Listasmiðju. Reynt var að halda úti skiptibókahillu fyrir nemendur að skiptast á bókum, skólapeysum og púsluspilum en gekk ekki vel og var hætt. Skiptimarkaður með skólapeysur hefur færst inn í Facebook-hóp íbúa í hverfinu. Skiptibókahilla hefur lengi verið í starfsmannarymi.</p>	<p>2018</p> 
<p>Að hafa gróðurreit á skólalóðinni</p>	<p>Setja upp gróðurreit og byrja að planta</p>	<p>Umhverfisnefnd, umsjónarmaður útikennslu og Grænfána</p>	<p>Settur var niður Strandavíðir sem í framtíðinni nýtist fyrir tálgun og smíðaverkefni.</p>	<p>Fyrir skólalok vorið 2019</p>


Að allir nemendur vinni verkefni tengd umhverfissáttmála skólans	- Sjá fylgiskjal: markmiðssetning 2018-19 og 2019-20	Umhverfisnefnd, umsjónarmaður útikennslu og Grænfána	Efnisgreinum sáttmálans var skipt milli árganga og ýmis verkefni unnin.	2018-19, 2019-20
Að fjölga plöntutegundum á skólalóð (Lífbreytileiki)	Endurgerð á skólalóð	Stjórnendur	Furutré, ilmreynir og rifs sem laða m.a. að fugla (og gætu sum gefið okkur ber)	Haustið 2020
	Grænmetisræktun í beðum og kerjum	Heimsræktun/SG	Kartöflur, gulrætur, grænkál og kryddjurtir eru ræktuð á skólalóðinni. Uppskeran m.a. nýtt í heimilisfræði.	1. uppskera 2020
Að nemendur kynnist ræktun og neyslu á ólíkum tegundum grænmetis, og átti sig á áhrifum „heimaræktunar“ á vistspor manna. (Lífbreytileiki+ Lýðheilsa)	Grænmetisræktun innan og utandyra. Salatbar í mötuneyti. 	Heimsræktun/SG. Stjórnendur 	Leiðtogabekkur Heimsræktunar hefur lært nokkur frumatriði grænmetisræktunar og aðstoðar við að kenna öðrum nemendum (Jafningjafræðsla) Sett var upp ræktunarstöð með led-lýsingu inni í bekkjarstofu, lýsingu stýrt með tímarofa, nemendur sjá um vökvun. Ræktum inni allt skólaárið, m.a. jarðarber, baunir, karsa, basiliku, timian, oregano og steinselju. Nemendur geta náð sér í ferskt krydd á matinn sinn.	Salatbar 2019 1. uppskera ræktunar 2020.
Að byggja upp heilbrigðan lífstíl skólasamfélagsins á öllum sviðum heilsu, þar sem umhverfismennt, heilsuefning og útinám eru samofið. (Lýðheilsa)	„Göngum í skólann“, „Ólympíuhlaup ÍSí“, „Lífshlaupið“, „Heilsueflandi skóli“, „Vinaliðar“, „Blær – vináttuverkefni Barnaheilla“ fótboltamót FUÁ, gönguferðir, íþróttadagur, námsráðgjafi	Stjórnendur, umsjónarmenn verkefna, FUÁ og vinaliðar. 	Skólinn hefur jafnan tekið þátt í „Göngum í skólann“ og „Ólympíuhlaupi ÍSí“ (áður Norræna skólahlaupið), er „Heilsueflandi skóli“ og nemendafélagið hefur staðið fyrir árlegu fótboltamóti fyrir 4.-7. bekk þar sem allir áhugasamir fá að taka þátt og dregið er í lið. 2021 tóku nemendur í fyrsta sinn þátt í „Lífshlaupinu“, allir bekkir skráðu hreyfingu sína meðan á verkefninu stóð. Vinaliðar eru kosnir úr hópi áhugasamra í hverjum árgangi	Á hverju ári. Lífshlaupið 2021. Vinaliðar 2019



			<p>frá og með 4.bekk, og stjórna þeir leikjum í frímínútum. <a href="https://artunsskoli.is/vinalidaverkefni/Vinattuverkefnið%20Blær%20er%20notað%20á%20leikskólanum">https://artunsskoli.is/vinalidaverkefni/Vinattuverkefnið Blær er notað á leikskólanum.</a>  <a href="https://www.barnaheill.is/is/forvarnir/vinatta/um-vinattu">https://www.barnaheill.is/is/forvarnir/vinatta/um-vinattu</a>  Reglulegar gönguferðir starfsmanna.  Námsráðgjafi ráðinn að skólanum 2020.</p>	
<p>Að útinám og vinna í grenndarskógi sé fastur liður í skólastarfi og fléttist inn í allt starf skólans.</p>	<p>Skógarvinna, „Jólaskógur“, umhirða skólalóðar,</p> 	<p>Stjórnendur, umsjónarmaður útikennslu og Grænfána, allir kennarar.</p> 	<p>Nemendur heimsækja skóginn á öllum árstímum og „það er gaman að fara í leiki í grenndarskógi“ (Nemi í 5.bekk). Í desember er gjarnan farið með heitt kakó og hlustað á jólasögur í myrkrinu, og vasaljósa- og endurskinsmerkjaferðir eru vinsælar í skammdeginu. Reglulega er sóttur í skóginn efniviður til tálgunar og smíða, og í leiðinni fræðst um tré og umhirðu þeirra. Bekkirnir skiptast á að taka til á skólalóðinni.</p> <p><a href="https://artunsskoli.is/2020/11/06/hreinsun-skolalodarinnar/">https://artunsskoli.is/2020/11/06/hreinsun-skolalodarinnar/</a></p>	

#### 4. Eftirlit og endurmat

Á fyrri hluta tímabilsins kepptust bekkir við að fá „umhverfisbros“ fyrir að ná afmörkuðum markmiðum og verða þar með „Bekkur á grænni grein“. Umsjónarkennarar og fulltrúar í umhverfisnefnd mátu hvenær bekkur ætti að fá „bros“. Umsjónarkennari Grænfána fylgdi eftir verkefnum byggðum á umhverfissáttmála skólans. Eftir yfirferð gátlista í febrúar 2021 voru settar fram hugmyndir nemenda um hvernig mætti gera enn betur á nokkrum sviðum, þær munu koma til framkvæmda í maí og ágúst/september 2021.

## 5. Námsfærnisgerð og tenging við aðalnámskrá

Nokkur verkefni sem unnin hafa verið á tímabilinu:	Hópur	Sáttmáli, grein nr.	Heims- markmið SP	Þema	Námskrár- markmið, dæmi
Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Verkefni unnið af nemendum á miðstigi og kynnt fyrir öllum í grunnskóladeild. (Valin <b>Varðliðar umhverfisins 2019</b> )	5.-7.b	9	1-17	öll	Að nem.geti: Rætt mikilvægi samvinnu í samstilltum aðgerðum sem varða eigið umhverfi.
Haustið 2018 lauk Erasmus+ verkefninu <b>EcoRoad</b> sem unnið var með skólum í Finnlandi, Belgíu og Englandi. Það snérist um að efla skólabrag til að styðja við menntun til sjálfbærni. <a href="https://ecoroad.weebly.com/">https://ecoroad.weebly.com/</a>	Allir		3, 4, 5, 7, 9, 10, 11, 12, 13,14,15		Að nem.geti: Hlustað á, metið og rætt hugmyndir annarra.
Erasmus+ verkefnið <b>Heimsræktun</b> (School Permaculture Garden) sem unnið er með skólum á Möltu, í Króatíu og Norður-Makedóníu. Hófst 2019. 	Leiðtoga- bekkur miðlar til annarra	1, 4, 7, 9	3, 7, 9, 11, 12, 13, 15	Lífbr.	Að nem.geti: Rætt um hvernig ræktanlegt land er notað og ýmsar hliðar landnotkunar og verndunar gróðurs.
Vinaliðar í frímínútum að morgni. Þeir stjórna leikjum og „ <b>enginn þarf að vera einn</b> “ (lýsing nemanda í 5.bekk)	1.-7.b.			Lýðh.	Að nem geti: Sýnt samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju.
<b>Alþjóðadagur skóga 2019</b> , fræðslumyndbönd í samvinnu við Skógræktina og KrakkaRÚV	5.+6.b	1, 3, 8	15	Lífbr.	Að nem.geti: Lýst reynslu sinni, athugun og upplifun af lífverum í náttúrulegu umhverfi.
„ <b>Ræktum í skólastofunni</b> “ 2019. Allir bekkir sáðu mat- og kryddjurtafræjum og/eða gerðu tilraunir með að setja grænmetisafskurð í mold til framræktunar. Tengt lífsleikniþemanu þolinmæði.	Allir	4	3, 15	Lýðh. Lífbr.	Að nem.geti: Tekið þátt í vali á náttúrufræðilegum verkefnum og kynningu á niðurstöðum.

<p>Útinám leikskólabarna. Frásögn X og Z : „Við vorum að klippa tré og greinar til að láta vaxa meiri tré. <b>Við tókum lausar greinar og settum búтана í hrúgu svo þeir myndu breytast í mold</b>“.</p>		3-5 ára	1, 8	15		Að nem.geti: Sagt frá eigin upplifun á náttúrunni og skoðun á lífveru í náttúrulegu umhverfi.
<p>„Lífbreytileiki í bangsagöngunni“. Vorið 2020, í ströngustu sóttvarnaaðgerðunum, fóru nemendur í gönguferðir um hverfið til að fá hreyfingu, og að skoða bangsa í gluggum. Bangsarnir voru taldir og flokkaðir eftir ýmsum viðmiðum, og niðurstöður settar upp í súlurit eða reiknaðar á þann hátt sem kunnátta nemenda bauð upp á.</p>		3.bekkur	8	3, 15	Lífbr. Lýðh.	Að nem.geti: Sagt frá og framkvæmt með hversdagslegum hlutum einfaldar athuganir úti og inni.
<p>Hringekja yngri barna vorið 2021 fjallar um <b>hringrásir</b> í náttúrunni. Nemendur fræðast og vinna skapandi verkefni auk þess sem allir sá mat- eða kryddjurtafræjum og rækta í skólanum.</p>		2.- 4. bekkur	9	3, 14, 15		Að nem.geti: Útskýrt fæðukeðjur og rakið fæðu til frumframleiðenda.
<p>„<b>Grænálfar</b>“ á leikskólanum setja hýði af ávöxtum “góða ruslið“ í fötu inni á deildum og losa hana í moltutunnu.</p>		Leikskóli	6			Að nem.geti: Flokkað úrgang.
<p>Nemendur læra um a.m.k. eitt tré, einn fugl og eina plöntu í nærumhverfinu á ári frá 1.-7.bekk. <a href="https://artunsskoli.is/2021/01/22/stjornur-i-smidakennslu/">https://artunsskoli.is/2021/01/22/stjornur-i-smidakennslu/</a></p>		1.-7.b.	8	15	Lífbr.	Að nem.geti: Sýnt virkni og látið sig varða nánasta umhverfi og lífsskilyrði lífvera í því

## 6. Kynning á stefnunni

Stefna skólans er kynnt á kynningarfundum bekkjanna að hausti, en helsta kynningarleiðin er í gegnum heimasíðu skólans.

Dæmi: [https://artunsskoli.is/wp-content/uploads/2020/06/skyrsla2020\\_heilsueflandiskoli.pdf](https://artunsskoli.is/wp-content/uploads/2020/06/skyrsla2020_heilsueflandiskoli.pdf)

[https://artunsskoli.is/wp-content/uploads/2019/11/skolabragur\\_2019.pdf](https://artunsskoli.is/wp-content/uploads/2019/11/skolabragur_2019.pdf)

<https://artunsskoli.is/2021/03/12/leikjanamskeid-vinalida/>

Nokkrir nemendur skrifuðu frétt um Heimsrættunarverkefnið og fengu birta í Árbæjarblaðinu. <https://issuu.com/skrautas/docs/ab-2021-04>

## 7. Umhverfissáttmálinn

Umhverfissáttmáli Ártúnsskóla:

1. Við göngum vel um náttúruna svo komandi kynslóðir geti notið auðlinda hennar.
2. Við drögum úr mengun og eyðslu með því að ganga eða hjóla í skólann. Hreyfing er holl en útblástur bifreiða mengar.
3. Við göngum vel um skólann okkar og nánasta umhverfi. Fagurt umhverfi ber vitni um fagurt mannlíf.
4. Við forðumst óparfa umbúðir eins og hægt er og drögum úr einnota umbúðum.
5. Við drekkum vatn eða mjólk úr glasi eða brúsa í skólanum.
6. Við flokkum rusl, nýtum pappír vel og spörum hann.
7. Við spörum rafmagn og notum vatn í hófi.
8. Við nýtum grenndarskóginn og umhverfi skólans til útináms og útivistar.
9. Við gerum okkur grein fyrir því að við eigum ekki jörðina ein og ætlum þess vegna að umgangast hana af hófsemd og virðingu svo allir megi njóta gæða hennar.

Sáttmálinn var unninn af þáverandi umhverfisnefnd. Ný nefnd mun haustið 2021 vinna nýjan sáttmála fyrir skólann.

